



Golfklúbbur Selfoss

Ársskýrsla 2021



Ávarp formanns

Kæru félagar.

Árið 2021 var okkur félagsmönnum í Golfklúbbi Selfoss sérlega hagstætt og gefandi. Þó svo að vorið væri kalt og sumarið lengi að ganga í garð gengu kylfingar Golfklúbbs Selfoss bísperrtir og sjóðheitir á teig í lok aprílmánaðar á Svarfhólsvelli. Sperringurinn var til kominn vegna þess að fyrr á árinu héldum við upp á 50 ára afmæli klúbbsins með undirritun stækkunarsamnings golfvallarins við sveitarfélagið Árborg. Samningurinn kvað á um stækkun til norðurs meðfram Ölfusá, níu holur til viðbótar þeim glæsilegu níu holum sem klúbburinn hefur til umráða í dag. Þetta þýðir að við ætlum okkur að verða einn glæsilegasti golfvöllur landsins eftir um það bil 5 ár eða svo, þegar stækkunarframkvæmdum lýkur. Sjóðhitinn var einnig til kominn vegna þess að félagsmenn voru duglegri en nokkru sinni fyrr við að nýta æfingaaðstöðuna okkar, mæta á golfæfingar, taka þátt í þúttmótaröð og leika við fullkomnar aðstæður í heimsins bestu golfhermum.

Við í Golfklúbbi Selfoss höfum alla ástæðu til að bera höfuðið hátt enda margt áunnist síðustu ár. Í raun má segja að krafturinn og framkvæmdahraðinn sem átt hefur sér stað hér á bökkum Ölfusár hafi verið svo mikill að við gætum hafa gleymt að staldra við og virða fyrir okkur fegurðina í öllu þessu starfi, sem tekið hefur verið eftir á landsvísu og jafnvel út fyrir landsteina. Lítum örlítið yfir farinn veg, hér eru fáeinir viðburðir taldir upp af þeim mörgu sem framkvæmdir hafa verið eða við náð fram síðustu ár:

- Við tryggðum okkur vallastæði fyrir klúbbinn til 100 ára. Fram að því var framtíðin í óvissuástandi og klúbburinn gerður hornreka í sveitum í áratugi.
- Við sömdum við Vegagerðina um bætur vegna þess hluta vallarins sem fer undir Suðurlandsveg og brúarstæði og höfum hannað, byggt og leikið inn á þrjár nýjar holur sem leysa fyrstu, aðra og þriðju holuna af.
- Við höfum aukið veltu klúbbsins um tugi milljóna og erum í fyrsta skipti í sögunni komin yfir 100 milljóna veltu á ári.
- Við reistum og komum nýju áhalda- og æfingahúsi í gagnið við Svarfhólsveg, byltingakenndri aðstöðu fyrir starfsmenn og félagsmenn.
- Við höfum breytt Svarfhólsvelli úr litlum, sætum sveitavelli í flottan 9 holu völl sem fólk sækist í að leika enda hafa gæði flata og vallar tekið stórstígum framförum.
- Við settum bundið slitlag á Svarfhólsveg, fjölguðum bílastæðum, tókum gamla áhaldakorfann í gegn og komum þar fyrir golfbílageymslu og geymslu fyrir búnað yngri iðkenda.

Á sama tíma og við höfum staðið í verklegum stórfamkvæmdum höfum við byggt innra starfið upp svo eftir hefur verið tekið:

- Við höfum aukið félagafjölda í klúbbnum úr tæplega 300 í rúmlega 500 á nokkrum árum.
- Við höfum haldið nýliðanámskeið síðustu ár með miklum myndarbrag, fyllt öll námskeið af nýjum iðkendum og verið í farabroddi á landsvísu hvað nýliðun varðar.
- Við höfum lagt áherslu á aukið kvennastarf og fjölgað kveniðkendum verulega.
- Við höfum lagt mikla áherslu á faglegt og gott barna- og unglingastarf sem hefur bæði skilað aukinni nýliðun í félagið og einnig afrekskyllingum.
- Við höfum eflt starf eldri kylfinga og þeim hefur fjölgað verulega í klúbbnum.
- Við höfum haldið úti flottu félagsstarfi, haldið árshátíðir, innanfélagsmót, þúttmótaröðir, haldið lokahóf og gerum Meistaramóti verulega hátt undir höfði með glæsilegri umgjörð.
- Afrekskyllingar GOS hafa sigrað á mótaraðum þeirra bestu, verið í efstu sætum á Íslandsmótum, náð stórglæsilegum árangri í sveitakeppnum eða Íslandsmótum golfklúbba, GOSarar hafa sigrað á erlendum mótum, verið valdir í landslið og svo mætti lengi telja.

Þegar þetta allt er talið upp og dregið saman gerum við okkur grein fyrir hvílíkt starf er og hefur verið unnið hér hjá Golfklúbbs Selfoss síðustu ár. Ég tel að við eigum að vera verulega stolt af okkar starfi, bera höfuðið hátt og segja sem víðast frá.

Þau eru nokkur afrekin sem mig langar að minnast á frá árinu sem er að líða, afrek sem að mínu mati skara fram úr öðrum. Fyrst langar mig að nefna árangur Alexöndru Eirar Grétarsdóttur sem gerði sér lítið fyrir og sigraði á Meistaramótinu okkar í júlí. Þetta gerði hún með alla sína meiðslasögu á bakinu, lék einhent með höndinni sem er ekki leiðandi. Ótrúlegt afrek sem vakti mikla athygli. Því næst vil ég nefna að Heiðrún Anna Hlynisdóttir var valin íþróttakona HSK, fyrst kylfinga. Hún keppti einnig á Evrópumóti landsliða í sumar, stóð sig vel á Íslandsmótaröðinni og hélt áfram að leika háskólagolf í Bandaríkjunum við góðan orðstýr. Aron Emil Gunnarsson stóð sig vel á mótaröðinni í sumar, sigraði mót héraðs í september og alþjóðlegt mót í Hollandi í október. Að lokum við ég nefna árangur karlaliðs GOS sem sigraði GV í leik um bronsið á Íslandsmóti golfklúbba í sumar. Sannarlega stórglæsilegur árangur.

Kæru félagsmenn. Um leið og ég þakka ykkur fyrir samveruna á golfvellið og í okkar frábæra félagsstarfi á árinu sem er að líða hlakka ég til næsta árs með ykkur og vona að sá dugnaður, sú gleði og sá sprengikraftur og metnaður sem hér hefur ríkt megi halda áfram að dafna.

Páll Sveinsson, formaður Golfklúbbs Selfoss.

Skýrsla stjórnar GOS 2021

Stjórn Golfklúbbs Selfoss var kjörin á aðalfundi sem haldinn var 25. febrúar 2021. Fundurinn átti upphaflega að fara fram í desember 2020 en honum var frestað vegna samkomutakmarkana sem voru í gildi vegna heimsfaraldurs. Stjórnina skipuðu: Páll Sveinsson formaður, Bjarki Már Magnússon varaformaður, Hreinn Þorkelsson ritari, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Halldór Morthens meðstjórnandi, Ástfríður Sigurðardóttir meðstjórnandi og Arnór Ingi Hlíðdal meðstjórnandi. Stjórn fundaði átta sinnum á árinu.

Árið 2021 hófst með hátíðarhöldum í tilefni 50 ára afmælis klúbbsins. Til stóð að halda mikla og fjölmenna veislu en allar slíkar áætlanir voru settar á ís vegna samkomutakmarkana, sem einnig urðu til þess að ekki var unnt að halda aðalfund GOS í desember 2020 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir en fundurinn fór loks fram 25. febrúar 2021. Á lítilli og fámennri afmælisathöfn sem fram fór á afmælisdegi klúbbsins 26. janúar var viljayfirlýsing undirrituð af bæjarstjórn og stjórn GOS þess efnis að sveitarfélagið skuldbatt sig til samvinnu við GOS um fjármögnun stækkunar Svarfhólsvallar.

Félagsstarf fór á fullt í upphafi árs, púttmótaröð fór af stað og vetrarmótaröð GOS í golfhermum var haldin. Í lok mars þurftum við að loka inniaðstöðu tímabundið vegna hertra samkomutakmarkana og í enn eitt skiptið að aðlaga okkur að þeim veruleika og takmörkunum á starfinu sem fylgdu aðgerðum vegna Covid-19.

Stærsta verkefni stjórnar GOS í ár var að koma á samstarfssamningi við sveitarfélagið Árborg um framtíðaruppbyggingu 18 holu golfvallar. Samningaviðræður stóðu yfir við sveitarfélagið frá upphafi árs en þeirri vinnu lauk með því að samningur til 10 ára var undirritaður af bæjarstjóra og formanni GOS þann 16. apríl, sem tryggir GOS fjármagn til stækkunarframkvæmda. Þann 4. maí tók stjórn fyrstu skóflustungu að stækkun vallarins, sem var þar með formlega hafin.

Miklar framkvæmdir fóru í sumar fram á nýju svæði GOS sem liggur meðfram Ölfusá til norðurs og inn í landið til austurs. Einnig var áfram haldið með framkvæmdir við holurnar þrjár sem leysa munu þær holur af velli sem fara undir veg- og brúarstæði Suðurlandsvegur. Þessar framkvæmdir tókust það vel í sumar að félagsmönnum var boðið inn á þrjár nýjar golfholur í afmælistóti klúbbsins í september og aftur í Bændaglímu á lokahófsdegi í byrjun október. Einnig var sáð og tyrft í stuttaspils æfingarsvæði sem tekið verður í gagnið á næsta ári, og kemur til með að verða gríðarlega gott æfingarsvæði.

Svarfhólsvöllur opnaði inn á sumarflatir 20. apríl og flyktust golfþyrstir meðlimir klúbbsins á völinn sem kom vel undan vetri. Í upphafi árs þurftum við að taka við jarðvegssuppgrefti inn á bráðabirgða æfingarsvæði klúbbsins sem orsakaði enn frekari þrengingar að æfingarsvæði. Net var reist fyrir framan bása og biðlaði stjórn til meðlima GOS að sýna þolinmæði í þessum framkvæmdum. Stjórn GOS vill þakka klúbbmeðlimum þá biðlund sem framkvæmdunum voru sýndar.

Afreksstarf klúbbsins var í miklum blóma í ár og má þar helst nefna kjör Heiðrúnar Önnu Hlynisdóttur sem íþróttamanns HSK í apríl, glæsilegan árangur karlaliðs GOS sem hafnaði í 3. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í júlí og árangur Arons Emils Gunnarssonar sem sigraði á einu golfmóti í september og á alþjóðlegu golfmóti í Hollandi í október. Keppendur frá GOS létu að sér kveða á stigamótaröð GSÍ og voru yfirleitt í efsta hluta mótanna í flestum mótum sumarsins. Golfklúbbur Selfoss átti svo átta þátttakendur á Íslandsmótinu í högggleik sem fram fór í byrjun ágúst, sannarlega glæsilegt og eftirtektarvert að sjá svo marga kylfinga frá GOS þar. Meistaramótið fór fram í byrjun júlí en þar stóðu Aron Emil Gunnarsson og Alexandra Eir Grétarsdóttir uppi sem sigurvegarar - klúbbmeistarar GOS 2021. Heiðrún Anna Hlynisdóttir tók þátt í landsliðsverkefnum á árinu, keppti m.a. á Evrópumóti landsliða kvenna á hinum heimþekktu Royal County Down golfvelli á Norður Írlandi í júlí.

Mótahald tókst vel á árinu og var góð þátttaka í opnum mótum sem og innanfélagsmótum. Opna Lindex kvennamótið fór fram í byrjun ágúst og tókst það mjög vel til, vonandi er þar komið kvennamót sem vex einungis fiskur um hrygg hér eftir. Nýliðun í Golfklúbbi Selfoss hefur aldrei verið eins mikil og í ár

og fjöldi skráðra meðlima í klúbbnum aukist í takt við það. Met fjöldi var skráður í klúbbinn á árinu en 505 skráðir einstaklingar eru nú í klúbbnum.

Framtíðin er björt hjá Golfklúbbi Selfoss og næg verkefni framundan. Þriðji golfhermirinn verður settur upp nú í lok árs í inni aðstöðunni okkar við Svarhólfsveg og standa vonir til þess að góð nýting verði á aðstöðunni sem og öflugt æfinga- og félagsstarf í allan vetur. Ákveðið hefur verið að taka í gagnið nýtt æfingasvæði í byrjun næsta sumars en hönnun stendur yfir á því svæði. Vinir og velvildaraðilar GOS eru að teikna upp æfingabása sem koma til með að hýsa 14 mottur þar sem slegið verður til suðurs, niður gömlu fyrstu brautina og þá aðra. Ljóst er að stjórn mun kalla eftir aðstoð félagsmanna þegar vora tekur og fært verður að setja skýlið upp.



Undirritun á samningi við Árborg



50 ára afmæli GOS



Viljayfirlýsing undirrituð



Fyrsta skjólfustunga á nýja svæðinu 5. maí 2021



Stjórnarmót í golfhermi (Helena vann)



Páll formaður GOS með fyrrverandi formönnum GOS á Novo 2021



Heiðrún Anna íþróttakona HSK 2021



Stjórn að skoða nýja svæðið



Sveit karla náði besta árangri GOS frá upphafi 3.sætið í 1.deild



Mikil gleði í sveit GOS eftir sigur á móti GV um 3. sætið



Golfklúbbur Selfoss

Ársreikningur 1. nóvember 2020 - 31. október 2021

Golfklúbbur Selfoss
Kt. 081174-0309
Svarthólsvelli, 801 Selfoss

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrareikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 10

Golfklúbbur Selfoss
Kt. 681174-0369
Svarthólsvelli, 801 Selfoss

Meginstarfsemi félagsins

Félagið sér um rekstur á Svarfhólsvelli ásamt því að sjá um slátt og umhirðu á íþróttasvæði Árborgar.

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Hagnaður ársins nam 5,6 mkr. í samanburði við 4,6 mkr. hagnað árið 2020.

Þann 3. september 2018 gerði GOS samkomulag við Vegagerðina vegna lagningar hringvegur um hluta af athafnasvæði GOS. GOS mun aðlagða starfsemi sína að nýju vegamannvirki þannig að starfsemin geti haldið áfram með sambærilegu sniði en í sátt við nýtt vegamannvirki. Bótafjárhæðin sem GOS fær vegna þessa verður nýtt til uppbyggingar og breytingar á Svarfhólsvelli.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 kann að hafa áhrif á starfsemi félagsins. Stjórnendur vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur félagsins en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin visar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Selfoss staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021 með áritun sinni.

Selfossi, 9. desember 2021

Stjórn:

Páll Sveinsson, formaður

Helena Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Arnór Ingi Hliðdal

Halldór Morthens

Framkvæmdastjóri:

Hlynur Geir Hjartarson

Bjarki Már Magnússon, varaformaður

Hreinn Þorkeiðsson, ritari

Ástfríður M. Sigurðardóttir

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Golfklúbbs Selfoss.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Golfklúbbs Selfoss fyrir tímabilið 1. nóvember 2020 - 31. október 2021 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Selfossi, 9. desember 2021

PricewaterhouseCoopers ehf



Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2020 - 31. október 2021

	Skýringar	1/11 - 31/10 2020 - 2021	1/11 - 31/10 2019 - 2020
Rekstrartekjur			
Tekjur	4	92.414.028	84.048.698
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	28.856.145	26.778.580
Rekstur bifreiða, véla og tækja		8.373.485	7.205.399
Rekstur golfskála og vallar		32.750.900	28.582.529
Annar rekstrarkostnaður		6.251.196	6.746.373
		<u>76.231.726</u>	<u>69.312.881</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		16.182.302	14.735.817
Afskriftir	8	8.198.979	7.800.277
Rekstrarhagnaður		7.983.323	6.935.540
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6		
Vaxtatekjur		54.635	152.255
Vaxtagjöld		(2.437.149)	(2.521.598)
		<u>(2.382.514)</u>	<u>(2.369.343)</u>
Hagnaður ársins		<u>5.600.809</u>	<u>4.566.197</u>

Efnahagsreikningur 31. október 2021

Eignir	Skýringar	31. október 2021	31. október 2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Golfvöllur		11.818.514	11.818.514
Æfinga- og vélaaðstaða		46.617.258	47.236.997
Vélar, áhöld og tæki		32.334.946	29.632.234
		<u>90.768.718</u>	<u>88.685.745</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	9	650.000	550.000
Viðskiptakröfur	10	1.946.550	2.860.954
Handbært fé	11	4.970.643	152.460
		<u>7.567.193</u>	<u>3.563.414</u>
Eignir samtals		<u><u>98.335.911</u></u>	<u><u>92.249.159</u></u>

Efnahagsreikningur 31. október 2021

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31. október 2021	31. október 2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	12	28.381.532	22.760.723
Skuldir			
Skuldir í íslenskum krónum	13	56.400.000	38.700.000
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	11	5.008.486	675.589
Viðskiptaskuldir	14	57.388	2.918.897
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	13	2.300.000	2.300.000
Aðrar skammtímaskuldir		3.410.785	2.715.741
Fyrirframinnheimtar bætur	15	2.797.720	22.180.209
		<u>13.574.379</u>	<u>30.788.436</u>
Skuldir samtals		69.974.379	69.488.436
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>98.335.911</u></u>	<u><u>92.249.159</u></u>
Aðrar upplýsingar	16		

Sjóðstreymi 1. nóvember 2020 - 31. október 2021

	Skýringar	1/11 - 31/10 2020 - 2021	1/11 - 31/10 2019 - 2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		5.600.809	4.566.197
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	8.198.979	7.800.277
Sölutap fastafjármuna		0	62.500
		<u>13.799.788</u>	<u>12.428.974</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		914.404	398.178
Vörubingdir		(100.000)	(100.000)
Breytingar rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(21.546.954)	(7.345.685)
		<u>(20.732.550)</u>	<u>(7.057.507)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(6.932.762)</u>	<u>5.371.467</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(77.620.587)	(53.621.862)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	515.000
Bætur frá Vegagerðinni og Sveitarfélaginu Árborg	8	67.338.635	27.112.480
		<u>(10.281.952)</u>	<u>(25.994.382)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Tekin ný langtímalán		20.000.000	42.000.000
Greiddar afborganir langtímalána		(2.300.000)	(1.000.000)
Skammtímalán, breyting	11	4.332.897	(20.270.291)
		<u>22.032.897</u>	<u>20.729.709</u>
Breyting á handbæru fé		4.818.183	106.794
Handbært fé í byrjun tímabils		152.460	45.666
Handbært fé í árslok	11	<u>4.970.643</u>	<u>152.460</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið sér um rekstur á Svarfhólsvelli ásamt því að sjá um slátt og umhirðu á íþróttasvæði Árborgar.

Golfklúbbur Selfoss er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Svarfhólsvelli, 801 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Innlaun tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar við afhendingu.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2020 - 2021	2019 - 2020
Laun	39.453.297	31.422.268
Launatengd gjöld	8.361.427	6.810.171
Eignfærð laun- og launatengd gjöld vegna framkvæmda	(11.125.575)	(8.632.552)
Hlutdeild Vinnumálastofnunar í launum	(7.833.004)	(2.821.307)
	<u>28.856.145</u>	<u>26.778.580</u>

Hjá félaginu störfuðu 16 starfsmenn í 6 stöðugildum á árinu.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð við greiðslu.

7. Tekjuskattur

Félagið er undanþegið tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Golfvöllur	Æfinga- og vélaaðstaða	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
31. október 2021:				
Bókfært verð 1. nóvember 2020	11.816.514	47.236.997	29.632.234	88.685.745
Viðbót ársins	67.338.635	1.404.655	8.877.297	77.620.587
Bætur frá Vegagerðinni og Sveitarfélaginu Árborg	(67.338.635)	0	0	(67.338.635)
Afskriftir	0	(2.024.394)	(6.174.585)	(8.198.979)
Bókfært verð 31. október 2021	11.816.514	46.617.258	32.334.946	90.768.718
 Bókfært verð 31. október 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	146.974.940	50.609.860	77.230.135	274.814.935
Bætur frá Vegagerðinni og Sveitarfélaginu Árborg	(135.158.426)	0	0	(135.158.426)
Afskrifað samtals	0	(3.992.602)	(44.895.189)	(48.887.791)
Bókfært verð 31. október 2021 greinist þannig:	11.816.514	46.617.258	32.334.946	90.768.718

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af bókfærðu verði.

Golfvöllur	0%
Æfinga- og vélaaðstaða	4%
Vélar, áhöld og tæki	5 - 20%

Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurnati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meinháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

9. Vörubingðir

Bingðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

12. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Staða 1/11 2020	22.760.723
Hagnaður ársins	5.600.809
Staða 31/10 2021	28.361.532

13. Langtímaskuldir

Skuldir í íslenskum krónum:

Óverðtrygðar skuldir	58.700.000
----------------------------	------------

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021-2022	2.300.000
Árið 2022-2023	2.300.000
Árið 2023-2024	2.300.000
Árið 2024-2025	22.300.000
Árið 2025-2026	2.300.000
Síðar	27.200.000
	58.700.000

Langtímaskuldir samtals kr. 58.700.000, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2021-2022, færðar meðal skammtímaskulda	2.300.000
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	56.400.000
	58.700.000

14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

15. Fyrirframinnheimtar bætur

Þann 3. september 2018 gerði GOS samkomulag við Vegagerðina vegna lagningar hringvegur um hluta af athafnasvæði GOS. GOS mun aðlaga starfsemi sína að nýju vegamannvirki þannig að starfsemin geti haldið áfram með sambærilegu sniði en í sátt við nýtt vegamannvirki. Bótafjárhæðin sem GOS fær vegna þessa verður nýtt til uppbyggingar og breytingar á Svarfhólsvelli.

16. Aðrar upplýsingar

Á árinu 2021 gerðu Sveitarfélagið Árborg og Golfklúbbur Selfoss með sér samstarfssamning. Markmið samningsins er að tryggja uppbyggingu á glæsilegum 18 holu golfvelli á Selfossi. Sveitarfélagið Árborg mun árlega greiða framlag til Golfklúbbsins sem ætlað er til að tryggja árlegar afborganir af framkvæmdaláni klúbbsins við Landsbankann. Samningurinn gildir til 10 ára frá undirritun.

Sundurliðanir

	1/11 - 31/10 2020 - 2021	1/11 - 31/10 2019 - 2020
Rekstrartekjur		
Mótatekjur	4.049.701	2.542.230
Flatargjöld	7.318.080	7.005.272
Félagsgjöld	18.054.016	13.221.868
Framlög og styrkir	16.712.175	18.589.085
Útseld vinna	13.098.514	12.604.403
Lottó og getraunir	862.528	760.396
Inniaðstaða	4.291.156	2.964.455
Boltavél	705.466	1.864.165
Námskeið	455.200	0
Akademía	3.512.560	405.000
Veitingasala	9.627.966	10.730.276
Golfvörur	13.203.516	11.933.501
Ýmsar tekjur	523.150	1.428.047
	<u>92.414.028</u>	<u>84.048.698</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	39.453.297	31.422.268
Mótramlag í lífeyrissjóð	4.992.316	4.029.071
Tryggingagjald	2.719.882	2.262.618
Sjúkra-, orlofs- og endurmenntunarsjóður	649.229	518.482
Eignfærð laun- og launatengd gjöld vegna framkvæmda	(11.125.575)	(8.632.552)
Hlutdeild Vinnumálastofnunar í launum	(7.833.004)	(2.821.307)
	<u>28.856.145</u>	<u>26.778.580</u>
Rekstur bifreiða, véla og tækja		
Viðhald véla og tækja	5.522.714	4.333.865
Bensín og olíur	1.709.345	1.483.522
Skattar og vátryggingar	513.906	637.713
Rekstur bílaleigubíls	627.520	750.299
	<u>8.373.485</u>	<u>7.205.399</u>
Rekstur golfskála og vallar		
Vörukaup golfvörur	12.886.056	10.862.843
Vörukaup veitingasala	7.907.403	7.175.437
Aðkeypt þjónusta	1.852.000	1.109.000
Félagsgjöld GSI	2.677.200	1.906.200
Kostnaður sveitakeppni	1.152.781	1.075.567
Kostnaður vegna móta	612.440	328.075
Rafmagn og hiti	2.109.377	1.361.885
Tryggingar	551.184	312.493
Viðhald húsnæðis og vallar	1.650.954	1.733.595
Hreinlætisvörur	1.133.072	2.437.208
Öryggisgæsla	218.433	280.226
	<u>32.750.900</u>	<u>28.582.529</u>

Sundurliðanir

	1/11 - 31/10 2020 - 2021	1/11 - 31/10 2019 - 2020
Annar rekstrarkostnaður		
Auglýsingar	198.801	308.163
Bókhalds- og sérfræðipjónusta	803.015	748.828
Ferðakostnaður	0	11.228
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	1.662.502	791.977
Sölutap rekstrarfjármuna	0	62.500
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	0	(183.683)
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	0	388.000
Prentun, ritföng o.fl.	271.076	478.087
Innlend blöð, tímarit og sjónvarpsáskrift	126.553	81.302
Sími	315.575	513.493
Rekstur tölvukerfis	1.182.518	1.002.800
Félags- og leyfisgjöld	238.107	440.325
Pjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	180.394	682.928
Burðargjöld	8.663	21.482
Kaffikostnaður	61.702	193.472
Vinnufatnaður og merking	362.265	339.701
Starfsmannakostnaður	310.312	188.622
Funda og viðskiptakostnaður	5.878	0
Styrkir, gjafir og risna	477.670	363.070
Annar skrifstofu- og stjórnumarkostnaður	46.165	316.081
	<u>6.251.196</u>	<u>6.746.373</u>

Skýrsla Mótanefndar

Mótanefnd hittist fyrst 9. febrúar 2021 í inniaðstöðu Golfklúbbs Selfoss og fór yfir verkefni sumarsins. Sett var upp mótaskrá fyrir sumarið 2021 sem gekk vel eftir.

Árlega FJ mótarið var spiluð í byrjun sumars með met þátttöku. Einnig var met þátttaka á meistaramótinu eins og fyrri ár, frábært að sjá nýliða koma inn í klúbbinn og vera óhrædda að mæta í mót.

Mót ársins var svo haldið þann 18. september þegar 50 ára afmælistmót GOS var haldið með pompi og prakt, vígðar voru 3 nýjar holur á vellinum og 1., 2. og 3. hola kvaddar í leiðinni.

Hægt er að sjá öll mót GOS sumarið 2021 inn á golf.is

Arnór Ingi Hlíðdal formaður mótanefndar



Sigurveggarar í Meistaramóti GOS

Skýrsla Barna- og unglinganefndar

Í Barna- og unglinganefnd 2021 sátu Ásgeir Elvar Guðnason, Gunnhildur Katrín Hjaltadóttir, Ólafur Unnarsson og undirrituð, Valgerður Rún Heiðarsdóttir.

Starfsárið byrjaði þann 10. janúar. Iðkendahópar voru fjórir, aldurs- og getuskiptir. Í fyrsta sinn var afrekshópur fyrir þá sem eru með 4.6 í forgjöf eða lægra. Þjálfarar tímabilsins voru þeir Hlynur Geir Hjartarson yfirþjálfari, Gylfi Birgir Sigurjónsson og Arnór Ingi Gíslason. Það þurfti nokkrum sinnum að taka hlé á æfingum vegna Covid-19. Útiæfingarnar byrjuðu í maí og voru fram í miðjan september.

Barna- og unglinganefnd byrjaði með þóttmótarið þann 27. febrúar og ákveðið var að spila sex laugardaga en því miður náðiðst bara að spila þrjá vegna Covid-19. Þetta er okkar aðal fjáröflun og notum við fjárhæðina t.d. í að niðurgreiða peysur fyrir alla, ferðir og skemmtun fyrir iðkendur.

Áskorendamótarið, unglingamótarið og sveitakeppni barna og unglinga voru haldnar í sumar. Það voru nokkrir iðkendur sem tóku þátt í þessum mótum og stóðu sig vel. Einnig var góð þátttaka hjá iðkendum í meistaramóti GOS.

Iðkendur í hópi 1 og 2 fóru í bíóferð í byrjun mars og skemmtu sér vel. Við ætluðum að fara í heimsókn til Vestmannaeyja í maí og spila golf þar ásamt öðru en því miður þurftum við að hætta við vegna Covid. Lokahófið okkar fór fram í MiniGarðinum í Reykjavík þann 16. september. Öllum var boðið að spila minigolf, í hamborgaraveislu og veitt voru verðlaun.

Þessir hlutu verðlaun:

Efnilegasti unglingur GOS árið 2021- Jóhann Már Guðjónsson

Framfarir og ástundun- Birkir Aron Ársælsson, Sölvi Berg Auðunsson og Þorgeir Kristjánsson.

Valgerður Rún Heiðarsdóttir
Formaður Barna- og unglinganefndar.



Verðlaunahafar í barnaflokki í Meistaramóti GOS



Guðmundur Ágúst Íslandsmeistari kom í heimsókn



Fyrsta höggið í Meistaramóti GOS



Afrekskylfingar skrifa undir afrekssamning

Skýrsla Vallarnefndar

Nefndina skipuðu eftirtaldir: Halldór Ág Morthens formaður, Svanur Bjarnason, Gunnar Marel, Bjarki Guðmundsson og Bárður Guðmundarson.

Vegna covid-19 var því miður ekki hægt að halda okkar hefðbundna vinnudag, sem síðustu ár hefur verið vel sóttur að félagsmönnum.

Framkvæmdir á nýju brautunum hafa gengið vel í sumar og vonandi verða þær klárar þegar vegagerðin fer í framkvæmdir á nýrri brú.

Eins og gefur að skilja er lítið meira hægt að segja, þar sem árið hefur verið svo undarlegt

vegna faraldursins. En vonandi koma betri tímar á nýju ári.

Vil ég þakka vallarstarfsmönnum og vallarnefndinni fyrir vel unnin störf í sumar.

Kveðja Halldór Morthens.



Edwin hönnuður og Sigurður ýtustjóri fara yfir málín



Vökvunarkerfið sett niður á 7. holu

Skýrsla vallarstjóra

Golfvöllurinn kom nokkuð vel undan vetri, fyrir utan gríðalega frostlyftingu. Við settum kjötmjöl á golfvöllinn og íþróttavellina, sem hjálpar til að koma lífi í grasið um leið og hitastigið er orðið gott.

Veturinn fór mikið í að undirbúa vélar fyrir sumarið og þegar veður leyfði var unnið í nýframkvæmdum, stígagerð og þ.h.

Æfingasvæðið var breytt, þar sem var aðeins verið að slá í net og var það nauðsynleg ákvörðun í stækkun vallarins, stefnt er að færa skýlið á gömlu 1. braut fyrir næsta sumar.

Sumarið var með ágætasta móti, komu mjög góðir kaflar með góðu veðri og svo komu mjög blautir kaflar sem náðu að setja allt á flot. En það breytti því ekki að völlurinn náði að skarta sínu fegursta í sumar.

Flatirnar komu nokkuð vel undan vetri og tókst að hafa þær mjög góðar yfir sumarið, með ýmsum ráðum, þ.e. reglulegum aðgerðum s.s. söndun og völtun. Fyrsti slátturinn þetta árið var 28. apríl og sá síðasti í byrjun október.

Nýframkvæmdir.

Unnið var hörðum höndum við að koma nýju brautunum í gott stand til að ná að spila á þeim í sumar, og gekk það misvel, það var mikið sem þurfti að gera. Það þurfti að taka upp tvo teiga sem sáð var í fyrra og gera það uppá nýtt. Auk þess þurfti að vinna mikið í brautunum, laga skallabletti í grasi, laga holur og vökvunarsprinklara. Allt tekur þetta sinn tíma, en okkur tókst að spila á þessum brautum tvisvar í roki og rigningu og skítakulda, en maður sá ekki betur en að allir kylfingar væru mjög ánægðir með nýju brautirnar.

Síðasta vetur var byrjað á gróf mótun á fimm nýjum golf holum sem við köllum norðursvæðið eða svæðið norðan Búrfellslínu, allar holurnar eru í dag orðnar grófmótaðar nema verðandi 6. braut vallarins. 7. braut er komin lengst og sáðum við í hana 6. ágúst og heppnaðist sú sáning frábærlega miðað við hvað sáð var seint.

Brautin var slegin fyrsta slátt þremur vikum síðar.

Á næsta ári munum við koma niður vökvunarkerfi á allar brautirnar og vonandi náum við að sá í allar þessar fimm holur næsta sumar.

Íþróttavellir Árborgar

Eins og síðustu árin sá GOS um allan slátt, söndun, áburð, götun og viðhald á íþróttavöllum Árborgar. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel í gegnum árin og erum við stolt af vinnu okkar þar og gæði vallanna.

F.h vallarstarfsmanna

Bjarki Þór Guðmundsson, vallarstjóri GOS

Skýrsla eldri kylfinganefndar (ELDGOS)

Stjórn Eldri kylfinganefndar skipuðu:

Magnús J. Magnússon, formaður, Bárður Guðmundarson, Samúel Smári Hreggviðsson, Auður Róseyjardóttir, Ásta Jósefsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir

Stjórnin hélt 6 stjórnarfundir á árinu þar sem farið var yfir starfið og hlutir skipulagðir og ræddir.

Það má segja um sumarið 2021 að það hafi verið smá raki í lofti hér á okkar svæði. Byrjaði með takmörkunum en það breyttist þegar á leið. Vetrarstarfið í nýju æfingaaðstöðunni gekk vel. Eldri kylfingar hittust á miðvikudagsmorgnum og voru í skipulögðu starfi og var fjölmætt. Þetta datt að vísu niður vegna COVID, en var samt afar jákvætt og verður haldið áfram með þetta í vetur ef tækifæri gefst.

MIÐVIKUDAGAR OG FIMMTUDAGAR

Teknir voru frá rástímar á þriðjudögum og fimmtudögum frá 09.30 – 10.00 fyrir eldri kylfinga. Þetta var vel nýtt og viðbótin, sem var á fimmtudögum var góð.

Holukeppni ELDGOS

Holukeppnin var á sínum stað og voru 16 sem skráðu sig til leiks. Leiknar voru 4 umferðir. Til úrslita spiluðu Halldór Morthens og Samúel Smári Hreggviðsson. Halldór Morthens vann og varð þar með holumeistari eldri kylfinga í GOS árið 2021

Íslandsmót golfklúbba

Karlaveitin

Ögmundur Kristjánsson stjórnaði þessum hópi sem fór til Vestmannaeyja og keppti í 3. deildinni. Keppnin gekk vel og endaði sveitin í 4. sæti eftir harða keppni við GHG um 3. sætið. Frábær keppni í alla staði þrátt fyrir smá belging á lokadeginum.

Sveitina skipuðu: Ögmundur Kristjánsson liðsstjóri, Halldór Morthens Ágústsson, Svanur Geir Bjarnason, Halldór Sigþórsson, Guðjón Öfjörð. Grímur Arnarsson var einnig valinn en komst því miður ekki.

Kvennasveitin

Kvennasveitin gerði góða ferð til Sandgerðis 19. – 21. ágúst og endaði í sjötta sæti eftir sigur í bráðabana þriggja liða í fjórmenningi við nágrannakonur úr Hveró og Setbergi. Það munaði bara hálfu stigi að þær hefðu spilað um 1.–4 sætið í þessari 8 liða annari deild. en markmiðið var að gera betur en í fyrra og það tókst.

Sveitina skipuðu: Auður Róseyjardóttir liðsstjóri, Ástfríður Sigurðardóttir, María Ragna Lúðvígsdóttir, Elsa Backman, Olga Lís Garðarsdóttir og Petrína Freyja Sigurðardóttir. Ásta Björg Ásgeirsdóttir forfallaðist.

ELDGOSAFERÐIR Á AÐRA VELLI

Úthlíð

Það var góður hópur sem spilaði einn hring í Úthlíð í nokkuð góðu veðri. Náðum að spila í

tveimur hollum. Súpa og kaffi á eftir ogverulega gaman.

Öndverðarnes

Það ver einnig nokkuð vel mætt í Öndverðarnes. Spilað í góðum aðstæðum og léttleikandi golf var það sem okkar fólk stundaði.

Það er ljóst að auka þarf slíkar heimsóknir á komandi sumri.

Keppni við Golfklúbb Flúða

Hin árlega keppni eldri kylfinga karla við Golfklúbbinn á Flúðum fór fram á Selsvelli sunnudaginn 22. ágúst í frábæru veðri. Þannig fór að Flúðamenn unnu keppnina með 8,5 vinningi gegn 3,5. Að loknu móti snæddu menn kvöldverð og var keppnin gerð upp á viðeigandi hátt. Sveitina skipuðu:

Bárður Guðmundarson, Kjartan Ólason, Grímur Arnarsson, Jón Lúðvíksson, Jón Gíslason, Valtýr Pálsson, Samúel Smári Hreggviðsson og Páll Valgeirsson.

FÉLAGSFUNDUR

Öflugur félagsfundur var haldinn í golfskálanum í lok maí og mættu um 20 eldri kylfingar á fundinn. Margt var rætt og er alveg ljóst að tryggja þarf að slíkir félagsfundir séu haldnir að vori og hausti til að fara í gegnum starfið framundan og heyra í okkar félagsmönnum.

Almennar hugleiðingar

Starfið á árinu gekk vel þó svo að COVID 19 hafi sett örlítið strik í reikninginn. Það er ljóst að fjöldi eldri kylfinga í klúbbnum er á uppleið og starfið eflist í takt við það. Ýmsar hugmyndir sem komið hafa upp á stjórnarfundum og félagsfundi hafa farið til stjórnar Golfklúbbsins og vel hefur verið tekið í þær og sumar framkvæmdar og er það vel. Efla þarf færni félagsmanna í golfhermum og hafa námskeið

fyrir okkar eldri félagsmenn. Þegar komnir verða 3 golfhermar er nauðsynlegt að sem flestir hafi færni í að nota þá.

Í heildina gekk starfið vel og vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir góða vinnu og uppbyggjandi stuðning. Vil einnig þakka Hlyni fyrir þolinmæðina.

Magnús J. Magnússon, formaður

Skýrsla kvennanefndar GOS

Nefndina skipuðu Þórhildur Guðbjörg Hjaltadóttir formaður, Kristjana Hrund Bárðardóttir, Rósa Guðbjörg Svavarsdóttir, Elsa Backman, Ragnheiður Ingibjörg Jónsdóttir og Elísabet Hólm Júlíusdóttir

Fyrsti stjórnarfundur hjá nefndinni var 3. mars 2021. Á fundinum var skipst á hugmyndum og drög að skipulagi skráð niður fyrir starf sumarsins.

Fyrsti hringurinn var spilaður 11. maí. Spilað var á þriðjudögum eins og undanfarin ár. Hver og ein skráði sig sjálf á rástíma, ekki voru teknir frá tímar. Gekk það fyrirkomulag þokkalega.

Búningagolf var 16. júní, 28 konur skráðar til leiks spilað var Texas Scramble. Eftir spil áttum við notalega stund saman í skálanum.

Opna Lindexmótið var haldið 7. ágúst, frábær skráning var í þetta 18 holu mót. Mikil ánægja var með mótið og er það von okkar í nefndinni að þetta samstarf haldi áfram.

Farið var í haustferð 25. september að Hellishólum í Fljótshlíð. Spilaðar voru 9 holur, borðaður góður matur og gisti á staðnum.

